



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 28/2019

Viðskiptahættir Bílaumboðsins Öskju

I.

Erindið

Með bréfi Neytendasamtakanna, dags. 22. janúar 2019, barst Neytendastofu kvörtun vegna markaðssetningar Bílaumboðsins Öskju ehf. á DRIVE WiSE aksturstækni Kia Optima bifreiða.

Í bréfinu segir að Neytendasamtökunum hafi borist kvörtun frá neytanda vegna viðskipta hans við Bílaumboðið Öskju. Kvörtunin hafi varðað auglýsingu sem birtist á vefsíðu fyrirtækisins, þar sem tekið hafi verið fram á myndbandsformi hvað fælist í DRIVE WiSE aksturstækninni. Fram hafi komið að í tækninni fælist m.a. aðstoð við lagningu bifreiðarinnar, aðstoð við ökumann að halda sig á akbraut, myndun skjaldborgar og hraðastilling með aðlögun. Jafnframt innihaldi tæknin sjálfvirkan öryggisbúnað og sjálfvirka neyðarhæmlun. Þá hafi sérstaklega verið tekið fram að staðalbúnaður geti verið mismunandi eftir gerðum. Auk framangreinds hafi á vefsíðu fyrirtækisins nánar verið kveðið á um eiginleika tiltekinna tegunda Optima bifreiða.

Í kjölfar þessarar auglýsinga hafi neytandinn haft samband við Öskju með það fyrir augum að festa kaup á Optima SW PHEV LUXURY sem hann hafi svo gert, en um dýrustu útgáfu af bifreiðinni hafi verið að ræða. Eftir kaupin hafi neytandinn komist að því að fjórir þættir af DRIVE WiSE aksturstækninni hafi ekki verið til staðar í bifreiðinni. Neytandanum hafi síðar verið tilkynnt af fyrirtækinu að ekki hafi verið innfluttur Optima Plug-in Hybrid með Smart Cruise Control, akreinavara né sjálfvirkri neyðarhæmlun. Ástæðu þess hafi m.a. mátt rekja til þess að hluti af aukahlutunum hafi ekki verið í boði fyrir Evrópumarkað. Einnig hafi það verið áætlun fyrirtækisins að veita fyrirhugðum viðskiptavinum sínum bifreiðar á samkeppnishæfu verði, því hafi fyrirtækið þurft að forgangsraða aukabúnaði á innfluttar bifreiðar.

Neytendasamtökin telji að framangreind háttsemi sé ekki í samræmi við 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, þar sem framangreindir viðskiptahættir hafi blekkst neytandann. Áréttað sé að á vefsíðu fyrirtækisins um DRIVE WiSE aksturstæknina fyrir Optima bifreiðar séu þær bifreiðar hafðar sérstaklega á myndum og myndskleiðum í auglýsingum fyrir þessa tækni. Í svörum fyrirtækisins til neytandans hafi verið tekið fram að engin Optima bifreið hafi innihaldið alla eiginleika DRIVE WiSE tækninnar. Jafnframt hafi fyrirtækið tekið það fram að sumir þættir



tækninnar hafi ekki verið fáanlegir í þessar tegundir Optima bifreiða hér á landi. Að mati samtakanna megi auðveldlega skilja framsetningu auglýsingarinnar með þeim hætti að mögulegt hafi verið fyrir neytendur að festa kaup á Optima bifreið með öllum eiginleikum DRIVE WiSE tækninnar hér á landi. Jafnframt hafi neytendur getað staðið í þeirri trú að þegar keypt sé dýrasta útgáfa umræddrar bifreiðar þá muni auglýstur búnaður fylgja með. Neytendasamtökin telji að um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða þegar sérstaklega sé vísað til þess að það sé mismunandi eftir gerðum bifreiða hvort þær innihaldi tiltekna þætti DRIVE WiSE tækninnar þegar staðreyndin sé sú að engin gerð Optima bifreiða innihaldi stóran hluta af heildar eiginleikum tækninnar, t.a.m. Smart Cruise Control, akreinavara, sjálfvirka neyðarhemlun eða fjarstart. Auglýsingin sem birtist á vefsíðu fyrirtækisins hafi verið til þess fallinn að villa fyrir um staðreyndir og líkleg til þess að blekkja neytendur.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Neytendasamtakanna var sent Bílaumboðinu Öskju til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 30. janúar 2019. Í bréfi Neytendastofu kom fram að stofnunin teldi að ákvæði b. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 kæmi einnig til skoðunar í málinu. Svar Öskju barst Neytendastofu með bréfi, dags. 14. febrúar 2019. Í bréfinu segir að Askja sé viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia ökutækja á Íslandi. Kia Optima sé ein gerð Kia ökutækja sem sé fáanleg hér á landi og sú gerð sé fáanleg í ýmsum útgáfum sem séu ólíkar hvað varði búnað og eiginleika, auk þess sé hægt að panta ýmsan aukabúnað sérstaklega. Eðli málsins samkvæmt séu mismunandi útgáfur fáanlegar á mismunandi verðum.

Kvörtun Neytendasamtakanna lúti að ökutæki af gerðinni Kia Optima SW Plug-in Hybrid (PHEV) LUX. Sá búnaður sem vísað sé til í kynningarefni á vef Öskju og kvörtun Neytendasamtakanna beinist að, sé fáanlegur í Kia Optima ökutækjum þó hann sé ekki staðalbúnaður í ökutækjum af gerðunum Kia Optima Plug-in Hybrid (PHEV). Til að mynda sé þessi búnaður fáanlegur í dýrustu útgáfu Kia Optima sem sé Kia Optima SW Luxury Diesel. Bendir Askja á að Kia Optima SW (PHEV) LUX, sem kvörtunin beinist að, sé ekki dýrasta Optima bifreiðin líkt og fullyrt sé í kvörtun Neytendasamtakanna. Um það bil sjö hundruð þúsund króna verðmunur sé á þessum útgáfum Kia Optima samkvæmt listaverði Öskju. Varðandi meinta óréttmæta viðskiptahætti, sem vísað sé til í kvörtun Neytendasamtakanna, áréttar Askja að það sé sannarlega í boði að festa kaup á Kia Optima ökutæki sem innihaldi alla eiginleika tækninnar. Þá kannist Askja ekki við að hafa auglýst fjarstart, enda sé það ekki hluti af DRIVE WiSE tækninni og ekki minnst á þann aukabúnað á vefsíðu Öskju.

Vill Askja sérstaklega benda á að á kynningarvef hvers ökutækis séu ávallt tilgreindir fyrirvarar, svo sem: „staðalbúnaður getur verið mismunandi eftir gerðum“, enda fyrirliggjandi að ökutæki



séu fánleg í ýmsum útgáfum á mismunandi verðum. Þá séu sundurliðaðar upplýsingar um búnað ökutækja tilgreindar í verðlista fyrir Kia ökutæki en auk þess veiti sölumenn Öskju ýtarlegar upplýsingar um hvaða búnaður fylgi hverju ökutæki. Á vefsíðu Öskju sé einnig að finna undirsíðu sem beri heitið „LAGALEGIR FYRIRVARAR“ en þar sé eftirfarandi fyrirvari birtur:

„Þótt ýtrasta aðgætni hafi verið viðhöfð við hönnun þessa vefsvæðis getum við ekki ábyrgst að upplýsingarnar séu villulausar og að öllu leyti réttar. Við berum því ekki ábyrgð að nokkru leyti á tjóni sem hlýst af notkun upplýsinga á vefsvæðinu nema þá einungis að tjónið orsakast af grófri vanrækslu eða vísvitandi misferli. Lýsing á tæknilegum eiginleikum og búnaði ökutækja þjóna einungis þeim tilgangi að veita dæmi um slíkt. Þess skal sérstaklega getið að tæknilegir eiginleikar og búnaður getur verið frábrugðin frá einu landi til annars.“

Askja ítreki að félagið leggi sig fram við að veita neytendum skýrar og nákvæmar upplýsingar um þann búnað sem sé í boði fyrir hvert ökutæki og mun félagið leitast við að gera enn betur vegna kvörtunar Neytendasamtakanna. Á sama hátt hafni félagið því alfarið að hafa gerst brotlegt við ákvæði laga nr. 57/2005.

2.

Bréf Öskju var sent Neytendasamtökunum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. febrúar 2019. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 18. mars 2019. Í bréfinu segir að Neytendasamtökin vilji árétta að með setningunni „í svörum fyrirtækisins til neytandans er tekið fram að engin Optima bifreið inniheldur alla eiginleika DRIVE WiSE“, sem fram kom í erindi samtakanna, dags. 30. janúar 2019, hafi ætlunin verið að vísa til Kia Optima Plug-in Hybrid bifreiða. Einnig hafi í erindi samtakanna verið vísað í Optima SE PHEV LUXURY sem dýrustu bifreiðarnar í PHEV flokki Optima bifreiða.

Það sé afstaða Neytendasamtakanna að framsetning auglýsingar Öskju á heimasíðu félagsins á bifreiðinni Optima SE PHEV LUXURY sé líkleg til að blekkja neytendur og skiptir engu um þá fyrirvara sem gerðir séu undir liðnum DRIVE WiSE, þar sem fram komi að staðalbúnaður geti verið mismunandi eftir gerðum. Sér í lagi þar sem merking á hugtakinu „gerðum“ vísi m.a. til sömu merkingar og á hugtakinu „tegund“, en neðar í auglýsingunni séu tilgreindar þær tegundir OPTIMA SW PHEV LUXURY sem seldar séu hér á landi. Þessi framangreind hugtaksnotkun sé meðal annarra þátta til þess fallinn að vera a.m.k. líkleg til að blekkja neytendur. Í ljósi þess sem fram komi í greinargerð félagsins að framangreind tegund Optima bifreiða innihaldi ekki þá eiginleika DRIVE WiSE tækninnar verði það að teljast ámælisvert að hugtaksnotkun í fyrirvara um tæknina beini sjónum neytandans til sömu merkingar hugtaksins tegund sem fyrir sé að fara neðar í auglýsingunni, þar sem tilgreindar séu áður nefndar gerðir/tegundir Optima bifreiða, þrátt fyrir að ekki sé hægt að fá framangreinda tækni í þessa gerð/tegund Optima bifreiða.



Ásamt framangreindu komi fram í svari Öskju ummæli um lagalega fyrirvara. Það sé afstaða Neytendasamtakanna að það sem fram komi í lagalegum fyrirvörum félagsins komi ekki í veg fyrir að framsetning auglýsingarinnar sé líkleg til að blekkja neytendur, sbr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Þessu til stuðnings þá liggi ágreiningurinn ekki um lýsingu á tæknilegum eiginleikum DRIVE WiSE eða hvaða tilgang slíkur búnaður á að þjóna. Einnig liggi ágreiningurinn ekki um landfræðilegra takmörkun á eiginleikum í framangreindri gerð/tegund bifreiða. Ágreiningurinn liggi í þeirri framsetningu á auglýsingum um þessa gerð/tegund bifreiða, þá sérstaklega þar sem gagnaðili veit að þessi gerð/tegund bifreiðar njóti ekki þeirra eiginleika sem fram hafi komið í auglýsingu um tæknina, auk þess sé ekki hægt að fá þessa tækni í framangreinda gerð/tegund hjá gagnaðila.

Það sé afstaða Neytendasamtakanna að framsetning auglýsingarinnar sé a.m.k. líkleg til þess að blekkja neytendur. Það er þegar neytandi hafi ákveði að opna þessa tilteknu vefslóð fyrir umrædda gerð/tegund bifreiða, hafi blasið við honum sex undirkaflar um nánari útlistun á þessari gerð/tegund bifreiða. Með vissu megi segja að það geti reynst neytanda erfitt að átta sig á umfangi og takmörkun auglýsingarinnar um þá eiginleika sem gildi um þessa tilteknu gerð/tegund bifreiðarinnar. Af þeirri ástæðu sé það afstaða Neytendasamtakanna að auglýsingin sé a.m.k. líkleg til að blekkja neytendur, sbr. 9. gr. laga nr. 57/2005, auk þess sem viðskiptahættir fyrirtækisins séu a.m.k. líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda, sbr. 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005.

3.

Bréf Neytendasamtakanna var sent Öskju til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. mars 2019. Svar barst með bréfi Öskju, dags. 17. apríl 2019. Í bréfinu segir að líkt og ítarlega hafi verið rakið í svarbréfi Öskju, dags. 14. febrúar 2019, þá sé Kia Optima ein gerð eða tegund Kia ökutækja sem sé fánleg hér á landi og sé sú gerð fánleg í ýmsum útfærslum sem séu ólíkar hvað varðar búnað og eiginleika auk þess sem ýmsan aukabúnað sé hægt að panta sérstaklega. Eðli máls samkvæmt séu mismunandi útfærslur fánlegar á mismunandi verðum.

Askja telji að erfitt sé að henda reiður á hver hafi verið tilgangurinn með umfjöllun um orðin „gerð“ og „tegund“ í bréfi Neytendasamtakanna frá 18. mars 2019. Um sé að ræða orð sem séu oftast en ekki samheiti. Askja telji að notkun þessara samheita geti ekki á nokkurn hátt verið til þess fallin að blekkja neytendur enda hafi þau sömu merkingu. Hér megi nefna að afar ólíklegt sé að gerðar yrðu athugasemdir þó að orðin „bill“ og „bifreið“ eða „dekk“ og „hjólbarðar“ væru notuð á víxl í markaðsstarfi vegna „ökutækja“.

Hvað varði umfjöllun í bréfi Neytendasamtakanna um gildi fyrirvara í kynningarefni vilji Askja benda á að kynningarefni á vef félagsins sé ætlað að upplýsa væntanlega kaupendur um þær fjölmörgu útfærslur Kia bifreiða sem séu fánlegar. Viðleitni Öskju til að bjóða viðskiptavinum sínum upp á fjölbreytt vöruúrval og kynna möguleika á mismunandi samsetningu aukabúnaðar



bifreiða verði með engu móti lögð að jöfnu við villandi viðskiptahætti eða tilraun til þess að blekkja neytendur. Það sama gildi um ýtarlega umfjöllun um þá tækni sem geti verið fánleg þó hún sé ekki endilega staðalbúnaður bifreiðar.

Að gefnu tilefni vilji Askja áréttta það sem fram hafi komið í erindi félagsins frá 14. febrúar 2019 að sá búnaður sem vísað sé til í kynningarefni á vef Öskju og kvörtun Neytendasamtakanna beinist að, sé fánlegur í Kia Optima ökutækjum á Íslandi. Eigi það einnig við um Kia Optima SW PHEV LUXURY. Að lokum vilji Askja ítreka það sem fram hafi komið í erindi félagsins frá 14. febrúar 2019, að félagið leggi sig fram við að veita neytendum skýrar og nákvæmar upplýsingar um þann búnað sem sé í boði fyrir hvert ökutæki. Félagið muni hér eftir sem hingað til kappkosta að gera sífellt betur í þeim efnum. Askja hafni sem fyrr alfarið að hafa gerst brotlegt við ákvæði laga nr. 57/2005.

4.

Bréf Öskju var sent Neytendasamtökunum til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 26. apríl 2019. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun Neytendasamtakanna vegna viðskiptahátta Bílaumboðsins Öskju ehf. í tengslum við markaðssetningu félagsins á DRIVE WiSE aksturstækni í Kia Optima Plug-in Hybrid (PHEV) bifreiðum. Lýtur kvörtunin að því að félagið auglýsi á heimasíðu sinni ýmsan tæknilegan búnað sem felist í umræddri DRIVE WiSE aksturstækni án þess að allir eiginleikar slíks búnaðar séu fánlegir í umræddri tegund bifreiða hér á landi. Telja Neytendasamtökin að umræddir viðskiptahættir Bílaumboðsins Öskju brjóti gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í svörum Bílaumboðsins Öskju hefur komið fram að sá búnaður sem vísað sé til í kynningarefni á vef félagsins og kvörtun Neytendasamtakanna lúti að sé fánlegur í Kia Optima ökutækjum þó hann sé ekki staðalbúnaður í ökutækjum af tegund Kia Optima Plug-in Hybrid. Hægt sé að festa kaup á Kia Optima ökutæki sem innihalda alla eiginleika tækninnar. Þá séu ávallt tilgreindir fyrirvara á kynningarvef hvers ökutækis þar sem fram komi að staðalbúnaður geti verið mismunandi eftir gerðum.



2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 2. mgr. 6. gr. segir:

„Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Í greinargerð með ákvæðinu þar sem það kom fyrst fram í lögum segir að upplýsingar sem fram komi í auglýsingum eða öðrum viðskiptaaðferðum geti talist brot á ákvæðinu enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og er d. liður svohljóðandi:



„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértílbod eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum, [...]“

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

3.

Af gögnum málsins verður ráðið að Bílaumboðið Askja hefur, á heimasíðu sinni, auglýst Kia Optima Plug-in Hybrid bifreiðar með DRIVE WiSE aksturstækni sem innihaldi m.a. eftirfarandi eiginleika: sjálfvirka neyðarhæmlun (AEB), sjálfvirka bílastæðalögn (SPAS), akreinavara (LKAS) og hátæknivæddan hraðastilli með aðlögun (ASCC).

Á vefsíðu Öskju er gerður skýr greinarmunur á Kia Optima bifreiðum sem ganga eingöngu fyrir hefðbundnu eldsneyti og Kia Optima Plug-in Hybrid bifreiðum. Eru umræddar tegundir aðgreindar með sitthvorri undirsíðu þar sem fjallað er um hvora tegund fyrir sig. Í verðlista félagsins má sjá helsta staðalbúnað hvers ökutækis ásamt aukabúnaði og öryggisbúnaði, en slíkur búnaður getur verið mismunandi eftir tegundum bifreiða. Undir Kia Optima Plug-in Hybrid kemur fram að akreinavari (LKAS) og sjálfvirk bílastæðalögn (SPAS) séu innifalinn í dýrustu tegund Kia Optima Plug-in Hybrid bifreiða, þ.e. Optima SW PHEV LUX. Þó er ekki að sjá af verðlistanum að sjálfvirk neyðarhæmlun (AEB) né hátæknivæddur hraðastillir með aðlögun (ASCC) sé fáanlegur í Kia Optima Plug-in Hybrid bifreið hjá seljanda. Auk þess hefur Askja ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að öll framangreind tækni hafi verið fáanlega í Kia Optima Plug-in Hybrid bifreið frá félaginu.

Lagalegir fyrirvarar á vefsíðu Öskju breyta ekki þeirri skyldu sem hvílir almennt á söluaðila að fara eftir ákvæðum laga og reglna sem gilda um markaðssetningu. Að mati Neytendastofu hafi ofangreind markaðssetning verið til þess fallinn að telja hinum almenna neytenda trú um að allir ofangreindir eiginleikar DRIVE WiSE aksturstækninnar hafi verið fáanlegir í a.m.k. einhverri tegund þeirra Kia Optima Plug-in Hybrid bifreiða sem Askja hafi verið með til sölu.

Neytendastofa telur að upplýsingarnar séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið og sé því villandi. Þá eru upplýsingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun



neytenda. Bílaumboðið Askja hefur því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að auglýsa Kia Optima Plug-in Hybrid bifreiðar sem innihaldi ákveðna tæknieiginleika án þess að slíkir eiginleikar séu fáanlegir í umræddri tegund bifreiða félagsins.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Bílaumboðinu Öskju að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

III. Ákvörðunarorð:

„Bílaumboðið Askja ehf., Krókhálsi 11, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að auglýsa Kia Optima Plug-in Hybrid bifreiðar sem innihaldi ákveðna tæknieiginleika án þess að slíkir eiginleikar séu fáanlegir í umræddri tegund bifreiða félagsins.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Bílaumboðinu Öskju ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

Bannið tekur gildi við móttöku ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 24. júlí 2019

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir